

## FUNDARGERÐ

**Miðvikudaginn 24. október 2012 kl. 11:00** kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í húsakynnum innanríkisráðuneytis. Fundurinn fór fram í Tómothúsi, fundarherbergi á 4. hæð Sölvhólgötu 7, Reykjavík.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Guðmundur Bjarnason formaður, Bjarni Jónsson, Björk Þorsteinsdóttir og Þórunn Egilsdóttir, ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Elínu Pálsdóttur, Elínu Gunnarsdóttur, Guðna Geir Einarssyni og Halldóri V. Kristjánssyni. Árni Rúnar Þorvaldsson var fjarverandi.

Gestir fundarins voru Þórir Ólafsson, formaður Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga, Birgir Blöndal, fulltrúi í eftirlitsnefndinni og Eiríkur Benónýsson, starfsmaður nefndarinnar. Einnig mætti á fundinn Hólmfríður Sveinsdóttir, starfsmaður Byggðastofnunar og verkefnisstjóri sóknaráætlana landshluta.

Guðmundur Bjarnason, formaður, sem var í fjarfundarsambandi, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

## FUNDARGERÐ

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu fundargerð frá fundi ráðgjafarnefndar 19. september 2012. Fundargerðin var samþykkt án athugasemda og undirrituð.

## ÁRSUPPGJÖR 2011

### Endurskoðunarbréf vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Lagt var fram til kynningar bréf Ríkisendurskoðunar, dags. 19. október 2012, þar sem gerð er grein fyrir framkvæmd endurskoðunar sjóðsins vegna ársins 2011, afkomu hans á árinu og fjárhagsstöðu. Jafnframt er í endurskoðunarbréfinu gerð grein fyrir fjárheimildum og rekstri, innra eftirliti, endurskoðun efnahagsliða, endurskoðun rekstrarliða, þ.e. framlaga sjóðsins og niðurstöðum Ríkisendurskoðunar

Engar athugasemdir eru gerðar af hálfu Ríkisendurskoðunar og er frágangur bókhalds í góðu horfi. Á grundvelli endurskoðunarinnar eru ársreikningar sjóðsins undirritaðir með eftirfarandi áritun: „*Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2011, efnahag 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011 í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.*“

Ráðgjafarnefndin lýsti yfir ánægju sinni með ársuppgjör Jöfnunarsjóðs og niðurstöður Ríkisendurskoðunar.

## FRAMLÖG VEGNA SAMEININGAR SVEITARFÉLAGA

### Sveitarfélagið Álftanes og Garðabær

Á grundvelli b-liðar 7. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010 kemur til greiðslu framlag vegna fjárhagserfiðleika Sveitarfélagsins Álftaness, samtals að fjárhæð 285,0 m.kr. Framlagið kemur til greiðslu í kjölfar samþykktar um sameiningu sveitarfélaganna að teknu tilliti tillagna fjárhaldsstjórnar um fjárhagslega endurskipulagningu í Sveitarfélaginu Álftanesi.

Á grundvelli fjárlaga 2012 fær Jöfnunarsjóður sveitarfélaga aukaframlag að fjárhæð 350,0 m.kr. Þar af munu 175,0 m.kr. renna til Sveitarfélagsins Álftaness vegna sérstakra fjárhagserfiðleika sveitarfélagsins. Gerður er fyrirvari um ráðstöfun framlagsins á grundvelli tillagna fjárhaldsstjórnar sveitarfélagsins.

Af áætluðu aukaframlagi í Jöfnunarsjóð á árinu 2013 að fjárhæð 175,0 m.kr. munu 74,0 m.kr. renna til Sveitarfélagsins Álftaness svo ljúka megi fjárhagslegri endurskipulagningu í sveitarfélaginu.

### **Tillaga að áætlun um úthlutun framlaga vegna sameiningar sveitarfélaga á árinu 2013**

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætlaðri úthlutun framlaga vegna sameininga sveitarfélaga á árinu 2013 á grundvelli reglna nr. 295/2003. Um er að ræða framlög samtals að fjárhæð um 95,0 m.kr.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að tillaga að áætlun um greiðslur framlaga árið 2013 á grundvelli reglna nr. 295/2003 væri samþykkt.

### **FRAMLÖG VEGNA FJÁRHAGSERFIÐLEIKA**

Eins og áður kom fram þá voru gestir fundarins þeir Þórir Ólafsson, formaður Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga, Birgir Blöndal, fulltrúi í eftirlitsnefndinni og Eiríkur Benónýsson, starfsmaður nefndarinnar.

Í greinargerð þeirra kom fram að þróun fjármála sveitarfélaga væri jákvæð þegar á heildina væri litið. Rekstur sveitarfélaga er heldur betri en fyrir ári og eru hagræðingar sveitarfélaga að skila sér ágætlega. Veltufé frá rekstri er að styrkjast og sveitarfélög eru að greiða niður lán sín.

### **Sandgerðisbær**

Á fundi ráðgjafarnefndar 19. september sl. var lagt fram erindi frá Sandgerðisbæ, dags. 6. september 2012. Í erindinu er lýst þeirri vinnu sem fram hefur farið við fjárhagslega endurskipulagningu í sveitarfélaginu og þeim breytingum sem gerðar hafa verið á rekstri þess. Til að ná settum markmiðum þar að lútandi sækir Sandgerðisbær um framlag á grundvelli fjárhagserfiðleika sveitarfélaga að fjárhæð allt að 200,0 m.kr. Á fundinum 19. september sl. samþykkti nefndin að leggja til að afgreiðslu erindis Sandgerðisbæjar væri frestað og leitað væri umsagnar Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga um beiðni sveitarfélagsins.

Fram kom í umfjöllun á fundinum að enn lægju ekki fyrir nægilega góðar upplýsingar hjá eftirlitsnefndinni um fjárhagslega stöðu Sandgerðisbæjar og því teldi nefndin sér ekki fært á þessu stigi að veita umbeðna umsögn um erindi sveitarfélagsins. Nefndin hefur óskað eftirfrekari skýringum frá sveitarfélaginu.

Með tilvísun til þessa samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að afgreiðslu erindis Sandgerðisbæjar væri frestað á ný þar til betri greining á fjárhagslegri stöðu sveitarfélagsins lægi fyrir ásamt umsögn eftirlitsnefndarinnar.

### **Grundarfjarðarbær**

Á fundi ráðgjafarnefndar 19. september sl. var lagt fram erindi frá Grundarfjarðarbæ, dags. 17. september 2012. Í erindinu er gerð grein fyrir lausafjárvanda sveitarfélagsins og óskað eftir fyrirframgreiðslu framlaga úr Jöfnunarsjóði sem næmi allt að 45,0 m.kr. Í erindinu er jafnframt óskað eftir aðkomu Jöfnunarsjóðs að kostnaði vegna úttektar á rekstri sveitarfélagsins.

Á fundinum 19. september sl. samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að afgreiðslu erindis Grundarfjarðarbæjar væri frestað og leitað væri umsagnar Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga. Umsögn eftirlitsnefndarinnar hafði nú borist, sbr. bréf dags. 19. október, og var hún lögð fram til kynningar á fundinum.

Í umsögn eftirlitsnefndarinnar kemur eftirfarandi fram:

*Í ljósi fjárhagsstöðu sveitarfélagsins þar sem skuldaviðmið er nokkuð umfram fjárhagslegt viðmið sveitarstjórnarlaga, mælir nefndin með því að ósk Grundarfjarðarbæjar um þátttöku í kostnaði vegna úttektar á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins verði samþykkt.*

Með tilvísun til þessa samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að úthlutað væri framlagi að fjárhæð 3,0 m.kr. á grundvelli b-liðar 7. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010, vegna kostnaðar við úttekt á rekstri sveitarfélagsins og vinnu við endurskipulagningu á fjármálum þess.

Hvað beiðni Grundarfjarðarbæjar um mögulega fyrirframgreiðslu framlaga varðar kom fram hjá nefndinni vilji til að koma til móts við sveitarfélagið þar að lútandi teldi eftirlitsnefndin vera þörf á þeirri fyrirframgreiðslu.

### **Skaftárhreppur**

Á fundinum var lagt fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi innanríkisráðuneytisins, dags. 15. október 2012. Þar kemur fram að á undanförunum mánuðum hafi Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga verið í samskiptum við sveitarstjórn Skaftárhrepps vegna fjármála sveitarfélagsins. Á grundvelli samnings eftirlitsnefndarinnar og sveitarstjórnar Skaftárhrepps frá 23. janúar 2012 hafi farið fram úttekt á rekstri og fjárhagsstöðu sveitarfélagsins með aðkomu Jöfnunarsjóðs að kostnaði því samfara.

Í erindinu kom jafnframt fram að innanríkisráðherra og sveitarstjórn Skaftárhrepps hafi þann 11. júlí sl. gert samkomulag, skv. 83. gr. sveitarstjórnarlega, nr. 138/2011, um fjárhagslegar aðgerðir og eftirlit að beiðni sveitarstjórnar og að fenginni tillögu eftirlitsnefndarinnar. Samkomulagið var lagt fram til kynningar á fundinum.

Með tilvísun til erfiðrar fjármálalegrar stöðu Skaftárhrepps fer innanríkisráðuneytið þess á leit við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga að sjóðurinn komi að kostnaði vegna vinnu sérfræðings í tengslum við samkomulag ráðherra og sveitarstjórnar Skaftárhrepps með úthlutun framlags að fjárhæð allt að 5,0 m.kr.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að verða við framangreindri beiðni ráðuneytisins og samþykkti að leggja til að úthlutað væri framlagi að fjárhæð allt að 5,0 m.kr. á grundvelli b-liðar 7. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð nr. 960/2010 vegna úttektar á rekstri sveitarfélagsins og vinnu við endurskipulagningu á fjármálum þess.

Á fundinum var jafnframt lagt fram til kynningar erindi Skaftárhrepps, dags. 17. október 2012. Í erindinu er óskað eftir framlagi úr Jöfnunarsjóði að fjárhæð 2,0 m.kr. til að mæta kostnaði við ráðgjafarvinnu og greiningar sem framkvæma þarf vegna setningar umhverfisráðherra á reglugerð nr. 294/2012.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að framangreind beiðni Skaftárhrepps væri tekin til afgreiðslu þegar tiltekin gögn og umsögn eftirlitsnefndar þar að lútandi lægju fyrir hjá sjóðnum

### **Íbúðalánasjóður vegna Bolungarvíkurkaupstaðar**

Lagt var fram til kynningar bréf Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga til Íbúðalánasjóðs (ÍLS), dags. 21. september 2012. Í bréfinu er fjallað um samskipti eftirlitsnefndarinnar og ÍLS vegna málefna Bolungarvíkurkaupstaðar.

Formaður eftirlitsnefndarinnar fór yfir ferli aðgerða vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar Bolungarvíkurkaupstaðar en líta verður svo á að fjárhagslegri endurskipulagningu sveitarfélagsins sé enn ólokið. Í bréfi eftirlitsnefndarinnar koma fram vinsamleg tilmæli til ÍLS um að boðað verði til fundar þar sem aðilar fái tækifæri til að skiptast á skoðunum um ólík sjónarmið í málefnum Bolungarvíkurkaupstaðar.

### **ALMENNAR HÚSALEIGUBÆTUR**

#### **Áætlanir sveitarfélaga um greiðslur 2013**

Lagt var fram til kynningar yfirlit yfir áætlun sveitarfélaga um heildargreiðslur almennra húsaleigubóta á árinu 2013. Sveitarfélögin áætla að greiða samtals 3.628,6 m.kr. í almennar

húsaleigubætur á árinu 2013. Áætlað ráðstöfunarfjármagn Jöfnunarsjóðs til greiðslu framlaga vegna greiðslu sveitarfélaga á almennum húsaleigubótum á árinu 2013 nemur 1.952,1 m.kr.

#### **Tillaga að áætluðu greiðsluhlutfalli**

Á grundvelli ákvæða í 2. gr. reglugerðar um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna húsaleigubóta og að teknu tilliti til áætlana sveitarfélaga um greiðslur og áætlunar um ráðstöfunarfjármagn Jöfnunarsjóðs til greiðslu bótanna samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að áætlað greiðsluhlutfall Jöfnunarsjóðs vegna almennra húsaleigubóta á árinu 2013 næmi 53%. Sá fyrirvari er hafður á samþykkt ráðgjafarnefndar að ekki verði um breytingu að ræða á ráðstöfunarfjármagni sjóðsins á grundvelli fjárlaga 2013.

#### **SÉRSTAKAR HÚSALEIGUBÆTUR**

##### **Áætlanir sveitarfélaga um greiðslur 2013**

Lagt var fram til kynningar yfirlit yfir áætlun sveitarfélaga um heildargreiðslur sérstakra húsaleigubóta á árinu 2013. Sveitarfélögin áætla að greiða samtals 1.181,7 m.kr. í sérstakar húsaleigubætur á árinu 2013. Áætlað ráðstöfunarfjármagn til greiðslu framlaga vegna greiðslu sveitarfélaga á sérstökum húsaleigubótum á árinu 2013 nemur 782,0 m.kr.

##### **Áætlað greiðsluhlutfall**

Á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga um húsaleigubætur frá 1. apríl 2008 nemur kostnaðarþátttaka ríkissjóðs í greiðslu sérstakra húsaleigubóta 60%.

Ráðstöfunarfjármagn Jöfnunarsjóðs á grundvelli samkomulagsins um húsaleigubætur frá 1. apríl 2008 nemur samtals 1.668,0 m.kr. og nær sú fjárhæð vel að brúa 60% hlutdeild ríkissjóðs í þeim kostnaði sem hlýst af samkomulaginu.

#### **FRAMLÖG TIL SÉRSTAKRA VERKEFNA**

##### **Landshlutasamtök vegna samstarfsverkefna í tengslum við sóknaráætlanir landshluta**

Greinargerðir höfðu nú borist frá öllum landshlutasamtökum sveitarfélaga í tengslum við úthlutun framlags að fjárhæð allt að 25,0 m.kr. á árinu 2012 vegna samstarfsverkefna sem samtökin hafa tekið að sér í kjölfar samninga við ríki þar um og í tengslum við framkvæmd sóknaráætlunar landshluta.

Verkefnisstjóri sóknaráætlana landshluta, Hólmfríður Sveinsdóttir, fór yfir greinargerðir landshlutasamtakanna með nefndarmönnum. Eftir þá yfirferð voru nefndarmenn sammála um að eðlilegt væri að byggja úthlutanir framlaga til landshlutasamtakanna annars vegar á kostnaði vegna vinnu við samantekt hvers landshluta til sóknaráætlunar og hins vegar á ferðakostnaði er tæki mið af landfræðilegum aðstæðum hvers landshluta fyrir sig.

Fram kom að þegar hefði komið til greiðslu 1,0 m.kr. til hverra samtaka vegna þess kostnaðar sem nú þegar hefði fallið til vegna verkefnanna.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að viðbótarframlag að fjárhæð 0,5 m.kr. kæmi til greiðslu til hverra landshlutasamtaka í nóvember og lagði jafnframt til að á fundi nefndarinnar í desember lægi fyrir endanleg tillaga að úthlutun 25,0 m.kr. framlagsins.

##### **Rekstur skrifstofu Sambands ísl. sveitarfélaga í Brussel**

Á fundi ráðgjafarnefndar 19. september sl. var lögð fram til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 11. september 2012, um árlegt framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga að fjárhæð 20,0 m.kr. til að tryggja rekstur skrifstofunnar árin 2013 til 2015. Gert yrði samkomulag milli innanríkisráðuneytisins og Sambandsins þar að lútandi. Áætlað framlag til reksturs skrifstofunnar í ár nemur 16,0 m.kr.

Í ljósi þess að markmið með rekstri skrifstofunnar hefðu náðst samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu til ráðherra á fundinum 19. september sl. um úthlutun á árlegu framlagi að fjárhæð 20,0 m.kr. árin 2013 til 2015.

Á fundi með ráðherra um framangreinda tillögu ráðgjafarnefndar lagði ráðherrann til að samþykkt yrði framlag að fjárhæð allt að 18,0 m.kr. vegna raunkostnaðar við rekstur skrifstofunnar. Framlagið tæki síðan þeim breytingum sem Sambandið legði til á grundvelli breytinga á launavísitölu (40%) og þróunar meðalgengis íslensku krónunnar gagnvart evru frá mánuði til mánaðar (60%)

Með tilvísun til þessa samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að endurskoðuð tillaga nefndarinnar að árlegu framlagi vegna reksturs skrifstofunnar tæki mið af raunkostnaði sem næmi allt að 18,0 m.kr. Með tilvísun til þessa næmi hækkun framlagsins á milli ára 2,0 m.kr. í stað 4,0 m.kr. Tillagan er gerð á grundvelli f-liðar 7. gr., sbr. a-lið 11. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010.

### **Fjallabyggð**

Lagt var fram til umfjöllunar erindi Fjallabyggðar, dags. 17. október 2012. Í erindinu er óskað eftir framlagi að fjárhæð allt að 45,0 m.kr. á grundvelli sérstakra verkefna vegna þróunar og hagræðingar í rekstri og þjónustu á vegum Fjallabyggðar hvað grunnskólann varðar.

Í umfjöllun á fundinum kom fram að sameining Siglufjarðar og Ólafsfjarðar hafi tekið gildi 1. janúar 2006. Með tilvísun til þessa rann heimild til aðkomu Jöfnunarsjóðs að nauðsynlegum framkvæmdum við grunn- og leikskóla í Fjallabyggð út í árslok 2010. Heimildin varir í 5 ár frá gildistöku sameiningar á grundvelli reglnanna nr. 295/2003.

Ráðgjafarnefnd samþykkti að leggja til að afgreiðslu á erindi Fjallabyggðar væri frestað til næsta fundar nefndarinnar og það skoðað frekar á milli funda.

### **ÚTGJALDAJÖFNUNARFRAMLÖG**

#### **Tillaga að áætlaðri úthlutun framlaga 2013 á grundvelli ráðstöfunarfjármagns**

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætluðu útgjaldajöfnunarframlagi til sveitarfélaga árið 2013, sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 960/2010, samtals að fjárhæð 5.100,0 m.kr.

Samkvæmt áætluninni er lagt til að úthlutað verði 4.350,0 m.kr. á grundvelli A-hluta 13. gr. reglugerðarinnar og 575,0 kr. á grundvelli B-hluta eða samtals 4.925,0 m.kr.

Á grundvelli B-hluta 13. gr. reglugerðarinnar, sbr. vinnureglur frá 8. desember 2010, koma til úthlutunar í árslok 2013 á grundvelli umsókna frá sveitarfélögum samtals 175,0 m.kr. vegna íþyngjandi kostnaðar sveitarfélaga við skólaakstur úr dreifbýli á árinu umfram tekjur.

Helstu forsendur við áætlun framlaganna eru eftirfarandi:

- Áætlun um fjölda íbúa í hverju sveitarfélagi 1. júlí 2012.
- Áætlun um fjölda nýbúa í hverju sveitarfélagi 1. júlí 2012.
- Upplýsingar um fjölda þéttbýliskjarna og íbúafjölda þeirra í hverju sveitarfélagi 1. júlí 2012 .
- Upplýsingar um fjölda barna í skólaakstri úr dreifbýli og vegalengdir þess aksturs í september 2012.
- Upplýsingar um áætlaðan fjölda íbúa sveitarfélaga 1. desember 2009, 2010, 2011 og 1. júlí 2012 vegna íbúafækkunarframlaga.
- Hámarkstekjur á íbúa í hverju sveitarfélagi vegna tekjuskerðingar eru miðaðar við forsendur frá 19. september 2012 við útreikning áætlaðra tekjujöfnunarframlaga árið 2012.

Við tillögugerð að áætluðu útgjaldajöfnunarframlagi á árinu 2013 til Reykjanesbæjar, Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Vopnafjarðarhrepps viku nefndarmennirnir Björk Þorsteinsdóttir, Bjarni Jónsson og Þórunn Egilsdóttir af fundi, hvert fyrir sig, þegar fjallað var um þeirra sveitarfélag.

### Endurskoðun á vinnureglum vegna skólaaksturs úr dreifbýli

Tillaga að breytingu á vinnureglum frá 8. desember 2010 á grundvelli B-hluta 13. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/3010, vegna skólaaksturs úr dreifbýli var lögð fram til kynningar.

Tillagan verður unnin frekar og lögð fyrir næsta fund nefndarinnar.

### YFIRFÆRSLA Á REKSTRI GRUNNSKÓLANS

#### Áætlað ráðstöfunarfjármagn og skipting þess eftir framlögum

Lögð var fram til kynningar greiðslu- og rekstraráætlun fyrir árið 2013 vegna yfirfærslu grunnskólans. Fram kemur að áætlaðar tekjur Jöfnunarsjóðs af 0,77% hlutdeild af álagningarstofni útsvars desember 2012 til nóvember 2013 nemur samtals 7.762,5 m.kr.

Framlög vegna yfirfærslunnar skiptast þannig:

• vegna sérþarfa fatlaðra nemenda	1.963,5 m.kr.
• vegna sérfræðiaðstoðar og ráðgjafarþjónustu	4,5 m.kr.
• vegna nýbúafræðslu	173,0 m.kr.
• vegna Barnaverndarstofu	1,0 m.kr.
• vegna Skólabúða að Reykjum	42,0 m.kr.
• vegna annarra framlaga til reksturs grunnskóla	45,0 m.kr.
• Sambands ísl. sveitarfélaga, bundið framlag (1,7%)	132,0 m.kr.
• óviss útgjöld 0,4%)	19,5 m.kr.
• vegna almennra jöfnunarframlaga (70,0%)	5.382,0 m.kr.

### ALMENN JÖFNUNARFRAMLÖG TIL REKSTURS GRUNNSKÓLA

#### Tillaga að áætlaðri úthlutun framlaga 2013

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að úthlutun áætlaðra almennra jöfnunarframlaga til reksturs grunnskóla á árinu 2013, skv. 3. gr. reglugerðar nr. 351/2002. Samtals er um að ræða úthlutun framlags að fjárhæð 5.382,0 m.kr. á árinu. Við bætast leiðréttingar að fjárhæð 60,0 m.kr. kr. vegna ársins 2011. Áætlaðar heildargreiðslur vegna almennra jöfnunarframlaga nema því **5.442,0 m.kr.** á árinu 2013.

Eftirfarandi forsendur eru lagðar til grundvallar við útreikning framlaganna vegna ársins 2013:

- Upplýsingar um fjölda nemenda í öllum skólum landsins miðað við september 2012.
- Upplýsingar um skólagæð.
- Upplýsingar frá Hagstofu Íslands um fjölda íbúa á aldrinum 6-15 ára í hverju sveitarfélagi. Miðað er við bráðabirgðatölur 1. júlí 2012.

Upplýsingar frá ríkisskattstjóra um áætlaðan útsvarsstofn sveitarfélaga vegna tekna 2011 og áætlun um útsvarstekjur sveitarfélaga á árinu 2012.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu til ráðherra að úthlutun almennra jöfnunarframlaga til reksturs grunnskóla á árinu 2013 að fjárhæð 5.442,0 m.kr. Sá fyrirvari er hafður á tillögunni að verði frumvarp til laga um breytingu á III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995 samþykkt falla framlögin niður til Hvalfjarðarsveitar, Skorradalshrepps, Fljótaldshrepps, Ásahrepps og Grímsnes- og Grafningshrepps. Breytingin á lögunum felur í sér heimild til skerðingar framlaga til þeirra sveitarfélaga er hafa mögulegar heildarskatttekjur 50% umfram landsmeðaltal, þ.e. tekjur af útsvari og fasteignaskatti á hvern íbúa miðað við fullnýtingu álagningarhlutfalls þeirra

Við tillögugerð að áætluðu almennu jöfnunarframlagi til reksturs grunnskóla á árinu 2013 til Reykjanesbæjar, Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Vopnafjarðarhrepps viku nefndarmennirnir Björk Þorsteinsdóttir, Bjarni Jónsson og Þórunn Egilsdóttir af fundi, hvert fyrir sig, þegar fjallað var um þeirra sveitarfélag.

## **FRAMLAG VEGNA SÉRÞARFA FATLAÐRA NEMENDA**

### **Viðmiðunarfjárhæðir 2013**

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að viðmiðunarfjárhæð framlaga vegna sérþarfa fatlaðra nemenda hækki um 5% á árinu 2013. Fjárhæðin hefur verið óbreytt undanfarin tvö ár.

### **Tillaga að áætlaðri úthlutun framlaga 2013**

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að úthlutun framlaga vegna sérþarfa fatlaðra nemenda á árinu 2013 samtals að fjárhæð 948,0 m.kr. Um er að ræða framlög til annarra sveitarfélaga en Reykjavíkurborgar að teknu tilliti til 5% hækkunar á viðmiðunarfjárhæðum framlaganna.

Áætluð framlög til Reykjavíkurborgar á grundvelli nýgerðs samnings milli Sambands íslenskra sveitarfélaga, innanríkisráðuneytisins vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar vegna reksturs sérskóla og sérdeilda nema samtals 945,0 m.kr. á árinu að viðbættu uppgjöri vegna ársins 2011 að fjárhæð 70,5 m.kr. eða samtals 1.015,5 m.kr.

Samtals er því gerð tillaga að úthlutun framlaga vegna sérþarfa fatlaðra nemenda á árinu 2013 að fjárhæð 1.963,5 m.kr.

Sá fyrirvari er hafður á tillögunni að verði frumvarp til laga um breytingu á III. kafa laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995 samþykkt falla framlögin niður til Hvalfjarðarsveitar og Grímsnes- og Grafningshrepps. Breytingin á lögnum felur í sér heimild til skerðingar framlaga til þeirra sveitarfélaga er hafa mögulegar heildarskatttekjur 50% umfram landsmeðaltal, þ.e. tekjur af útsvari og fasteignaskatti á hvern íbúa miðað við fullnýtingu álagningarhlutfalls þeirra.

Við tillögugerð að áætluðu framlagi vegna sérþarfa fatlaðra nemenda á árinu 2013 til Reykjanesbæjar, Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Vopnafjarðarhrepps viku nefndarmennirnir Björk Þorsteinsdóttir, Bjarni Jónsson og Þórunn Egilsdóttir af fundi, hvert fyrir sig, þegar fjallað var um þeirra sveitarfélag.

### **Tillaga að breytingu á B-hluta 4. gr. reglugerðar nr. 351/2002**

Fram kom að breytingu þurfi að gera á ákvæðum í B-hluta 4. gr. reglugerðar nr. 351/2002 um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla vegna nýgerðs samnings milli Reykjavíkurborgar, Sambands íslenskra sveitarfélaga og innanríkisráðuneytisins vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um rekstur Reykjavíkurborgar á rekstri sérskóla og sérdeilda sem staðsett eru í borginni.

## **FRAMLÖG VEGNA NÝBÚAFRÆÐSLU**

### **Viðmiðunarfjárhæðir 2013**

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að um óbreyttar viðmiðunarfjárhæðir framlaganna væri að ræða á árinu 2013 eða 120.000 kr. vegna sérstakrar íslenskukennslu hvers nýbúa.

### **Tillaga að áætlaðri úthlutun framlaga 2013**

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætlaðri úthlutun framlaga vegna nýbúufræðslu á árinu 2013 á grundvelli 4. gr. reglugerðar nr. 351/2002 samtals að fjárhæð 173,0 m.kr.

Sá fyrirvari er hafður á tillögunni að verði frumvarp til laga um breytingu á III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995 samþykkt falla framlögin niður til Hvalfjarðarsveitar. Breytingin á lögnum felur í sér heimild til skerðingar framlaga til þeirra sveitarfélaga er hafa mögulegar heildarskatttekjur 50% umfram landsmeðaltal, þ.e. tekjur af útsvari og fasteignaskatti á hvern íbúa miðað við fullnýtingu álagningarhlutfalls þeirra.

Við tillögugerð að áætluðu framlagi vegna sérþarfa fatlaðra nemenda á árinu 2013 til Reykjanesbæjar, Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Vopnafjarðarhrepps viku nefndarmennirnir Björk Þorsteinsdóttir, Bjarni Jónsson og Þórunn Egilsdóttir af fundi, hvert fyrir sig, þegar fjallað var um þeirra sveitarfélag.

## **ÖNNUR FRAMLÖG**

### **Dreifmennt – skýrsla**

Lögð var fram til kynningar skýrsla um dreifmenntaverkefnið SnæVest 2008-2011: *Efning grunnskóla á landsbyggðinni með dreifmenntun*. Úttekt eftir Þuríði Jóhannsdóttur og Sólveigu Jakobsdóttur.

Á grundvelli samnings sem gerður var milli samgönguráðuneytisins og Dreifmenntar um verkefnið 31. desember 2008. Framlag að fjárhæð 8,0 m.kr. hafa komið til greiðslu.

Enn vantar upplýsingar um uppgjör verkefnisins og mun lokagreiðsla vegna samningsins að fjárhæð 1,0 m.kr. ekki fara fram fyrir en það hefur borist sjóðnum.

### **Keilir – Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs**

*Spegluð kennsla – Jöfnun í námi*

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Keili, Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, dags. 3. október 2012. Í erindinu er gerð grein fyrir speglaðri kennslu sem felur í sér að hlutverki kennara og nemenda er snúið við. Kennarinn tekur upp allt það sem hann vill koma á framfæri við nemendur sína og notar til þess þá tækni sem til er (glærur, teikningar, myndbönd o.fl.). Efni þetta sem er ekki lengra en 10 – 15 mínútur hver bútur, er vistaður á netinu og aðgengilegt fyrir nemendur.

Til verkefnisins er sótt um framlag úr Jöfnunarsjóði að fjárhæð allt að 10,0 m.kr. Fram kemur í erindinu að hugmyndin hafi verið kynnt fyrir mennta- og menningarmálaráðherra og hafi hún tekið málinu vel.

Að mati ráðgjafarnefndar er hér um verðugt verkefni að ræða. Hins vegar sér nefndin sér ekki fært að samþykkja aðkomu sjóðsins sem eina styrktaraðila þess. Nefndin samþykkti því að leggja til að erindinu væri hafnað. Til greina gæti komið að taka erindið fyrir að nýju ef fyrir lægi samþykki fleiri aðila að verkefninu.

### **Íþyngjandi kostnaður við rekstur grunnskóla 2011**

#### **Árneshreppur**

Á grundvelli 2-töluliðar 8. gr. reglugerðar nr. 351/2002 er heimilt að veita framlög til sveitarfélaga vegna verulega íþyngjandi kostnaðar við rekstur grunnskóla umfram þær tekjur sem sveitarfélögum voru tryggðar með hækkuðu útsvari og framlögum úr Jöfnunarsjóði í kjölfar yfirfærslu grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga 1996.

Lögð var fram til kynningar umsókn Árneshrepps, dags 17. október 2012, vegna íþyngjandi kostnaðar við rekstur grunnskóla á árinu 2011.

Þegar fyrir liggja útsvarsstofnar sveitarfélaga fyrir árið 2011, verður umsóknin tekin á ný til umfjöllunar og afgreiðslu.

### **YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐRA**

#### **Upplýsingaöflun – Seinkun tillögugerðar vegna jöfnunaraðgerða 2013**

Lagt var fram til kynningar bréf fjármálastjóra á höfuðborgarsvæðinu og Reykjanesbæjar, dags. 26. september 2012, þar sem farið er fram á að ekki verði stuðist við upplýsingar sem taki mið af fjárhagsáætlunum sveitarfélaga 2012 við upplýsingaöflun vegna mats á útgjaldaþörf sveitarfélaga á árinu 2013 vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra en þess í stað lagt til að stuðst verði við upplýsingar sem taka mið af rauntölum ársins 2011. Í bréfi fjármálastjóranna kemur fram að upplýsingaöflun sem taki mið af fjárhagsáætlunum sé ekki í samræmi við samkomulag ríkis og sveitarfélaga um tilfærsluna.

Frestun á skilum upplýsinganna hefur raskað tímaætlun verulega varðandi áætlanagerð almennu framlaganna vegna málefna fatlaðs fólks fyrir árið 2013. Er nú unnið að því að safna saman upplýsingum frá sveitarfélögum/þjónustusvæðum sem byggja bæði á upplýsingum á grundvelli ársreikninga 2011 en jafnframt á upplýsingum á grundvelli fjárhagsáætlana 2012, en það gerir sjóðnum kleift að fylgjast með þróun á nýliðun og stöðu biðlista í málaflokknum.



## ÖNNUR MÁL

### Nýafstaðinn Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2012

Tekið var til umræðu fyrirkomulag ársfundar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Væntanlega verður notast við rafrænt boðunarkerfi þegar boðað verður til næsta ársfundar. Farið var yfir tímasetningu og staðsetningu fundarins, umfjöllunarefni og tæknimál.

Ráðgjafarnefnd var sammála um að fara varlega í allar breytingar á fyrirkomulagi fundarins enda hefði ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga unnið sér ákveðinn sess sem sýndi sig í góðri mætingu.

### Árlegur fundur með forstöðumönnum skólaskrifstofa

#### Tímasetning

Fram kom að beiðni hefði nú borist frá stjórn Grunns, félagi forstöðumanna skólaskrifstofa og grunnskólafulltrúa sveitarfélaga um að árlegur fundur með ráðgjafarnefnd sjóðsins verði haldinn föstudaginn 7. desember nk.

Fram kom í umfjöllun nefndarinnar um beiðni Grunns að 7. desember væri ekki hentugur fundardagur vegna ráðgerðra funda nefndarinnar í nóvember og desember og kæmi því annað hvort 30. nóvember eða 14. desember til greina sem fundardagur.

### Byggðastofnun - Skýrsla

Lagt var fram til kynningar bréf Byggðastofnunar, dags. 28. september 2012, ásamt stuttum útdrætti úr skýrslunni *Samfélag, atvinnulíf og íbúabróun í byggðalögum með langvarandi fólksfækkun*. Skýrslan er gefin út rafrænt: Hana má finna á heimasíðu Byggðastofnunar, [WWW.byggdastofnun.is](http://WWW.byggdastofnun.is), undir „útgefið efni.“

Fleira ekki gert og var fundi slitið kl. 16:30.

Næstu fundir ráðgjafarnefndar verða 30. nóvember og 14. desember nk. og verður boðað sérstaklega til þeirra.

Halldór V. Kristjánsson